


Ingólfur Bruun
Barmahlíð 43
105 Reykjavík



Reykjavík, 21. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140200033/bs

Fyrirhuguð lagning ljósleiðara í Mýrdal. Umsögn

Vísað er til bréfs Ingólfss Bruun dags. 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Í framkvæmdinni felst að lagður verði ljósleiðari að flestum bæjum milli Kerlingadals og Ytri - Sólheima.


Umhverfisstofnun óskaði 20 febrúar sl. eftir frekari upplýsingum um fyrirhugaða framkvæmda. Svar barst frá Ingólfss Bruun samdægurs. Í svari hans kemur eftirfarandi fram:

„Ekki verður farið um friðlýst svæði. Hins vegar verður vegum fylgt í öllum aðalatriðum til að auðvelda plægingu og fækka þverunum skurða eins og hægt er. Ekki verður farið í óraskað land. Ef það breytist á síðari stigum verður það ekki gert nema í fullu samráði við Umhverfisstofnun og áður en framkvæmdir hefjast.“

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd í ljósi þess hvornig ráðgert er að standa að lagningu ljósleiðarans.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur